



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Sveitarfélagaskólinn

Sveitarfélagaskólinn er vettvangur með stafrænum námskeiðum fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga. Vorið 2022 munu fyrstu námskeiðin verða aðgengileg fyrir nýkjörið sveitarstjórnarfólk og stefnt er að því að gera aðgengileg stafræn námskeið fyrir kjörna fulltrúa í nefndum sveitarfélaga að hausti 2022.

Í framhaldinu er stefnt að því að útbúa stafræn námskeið fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga eftir því sem þörf krefur. Þannig gæti vettvangur Sveitarfélagaskólans nýst þegar innleiða þarf stórar breytingar í starfsemi sveitarfélaga eða til að efla þekkingu á sérstökum málaflokkum.

Námskeið fyrir nýkjörið sveitarstjórnarfólk

Mánudaginn 16. maí verða aðgengileg námskeið fyrir nýkjörið sveitarstjórnarfólk. Er um að ræða níu námskeið sem ná utan um helstu grunnþætti sem mikilvægt er að sveitarstjórnarfólk tileinki sér til að geta náð góðum árangri í starfi. Um haustið verða síðan haldnar vinnustofur

í hverjum landshluta þar sem sveitarstjórnarfólk fær tækifæri til að tileinka sér betur þá færni sem farið er yfir í námskeiðunum, spyrja spurninga og láta reyna á þekkingu sína.

Námskeiðin, ásamt umfjöllunarefnum, eru eftirfarandi:

1. Fyrstu skrefin




- ✓ Hlutverk sveitarfélaga og sveitarstjórnarfólks
- ✓ Samþykkt um stjórn og fundarsköp
- ✓ Vinnan í sveitarstjórn
- ✓ Hvað einkennir góðan sveitarstjórnarfund?
- ✓ Fjármál sveitarfélaga 101
- ✓ Fyrsti fundur sveitarstjórnar
- ✓ Ráðning framkvæmdastjóra
- ✓ Sumarleyfi sveitarstjórnar

2. Hlutverk og stjórnkerfi sveitarfélaga



- ✓ Sjálfstjórn sveitarfélaga
- ✓ Verkefni sveitarfélaga
- ✓ Sveitarstjórnin
- ✓ Stjórnkerfi sveitarfélaga
- ✓ Nefndir sveitarfélaga
- ✓ Framsal á valdi

3. Störf sveitarstjórnarfólks



- ✓ Hlutverk og ábyrgð
- ✓ Réttindi og skyldur
- ✓ Sérstakt hæfi
- ✓ Þagnarskylda
- ✓ Vinnan í sveitarstjórn
- ✓ Siðareglur

4. Fundir og fundarsköp



- ✓ Fundarboð og dagskrá funda
- ✓ Framkvæmd funda
- ✓ Fundargerð

5. Fjármál 101



- ✓ Reglur sem takmarka fjárstjórnarvaldið
- ✓ Eftirlit með fjármálum sveitarfélaga
- ✓ Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
- ✓ Opinber innkaup
- ✓ Tekjur sveitarfélaga

6. Áætlun og raun



- ✓ Fjárhagsáætlun
- ✓ Framkvæmd fjárhagsáætlunar og gerð viðauka
- ✓ Ársreikningar

7. Samstarf og sameiningar




- ✓ Þróun sveitarstjórnarstigsins
- ✓ Samstarf sveitarfélaga
- ✓ Sameining sveitarfélaga
- ✓ Landshlutasamtök

8. Stjórnsýsluréttur



- ✓ Stjórnsýsluréttur
- ✓ Meginreglur stjórnsýsluréttar
- ✓ Matskenndar ákvarðanir

9. Um sambandið



- ✓ Hlutverk sambandsins
- ✓ Landsþing
- ✓ Skrifstofa og starfsemi
- ✓ Stafræn sveitarfélög
- ✓ Lánasjóður sveitarfélaga
- ✓ Önnur samtök og stofnanir

Námskeið fyrir kjörna fulltrúa í nefndum

Sambandið stefnir að því að stafræn námskeið hönnuð fyrir kjörna fulltrúa í nefndum sveitarfélaga, verði tilbúin að hausti 2022. Þar verður farið yfir grunnreglur um hlutverk og stjórnkerfi sveitarfélaga, störf kjörinna fulltrúa, fundir og fundargerðir, valdframsal til nefnda og starfsmanna svo dæmi séu nefnd. Auk þessa verður umfjöllun um málefni þeirra nefnda er flest sveitarfélög eiga sameiginlegar, þ.e. fræðslu-, félags- og skipulagsnefndir.

Nánari upplýsingar um Sveitarfélagaskólann má finna á www.samband.is eða samband@samband.is.

